

**FRAMSELD REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR
(ESB) 2018/345****2021/EES/34/31****frá 14. nóvember 2017**

um viðbætur við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2014/59/ESB að því er varðar tæknilega eftirlitsstaðla þar sem tilgreindar eru viðmiðanir sem varða aðferðafræðina við að meta virði eigna og skuldbindinga stofnana eða eininga (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,,

með hliðsjón af tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2014/59/ESB frá 15. maí 2014 sem kemur á ramma um endurreisn og skilameðferð lánastofnana og verðbréfafyrirtækja ⁽¹⁾, einkum 15. mgr. 36. gr.,*og að teknu tilliti til eftirfarandi:*

- 1) Í skilameðferð er mikilvægt að skilja á milli annars vegar upphaflegs mats, þar sem metið er hvort skilyrði fyrir niðurfærslu og umbreytingu fjármagnsgerninga eða skilyrði fyrir skilameðferð hafi verið uppfyllt, og á hinn bóginn síðara mats sem myndar grundvöll að ákvörðun um að beita einu eða fleiri skilaufræðum. Í tengslum við upphaflega matið, þykir rétt að tryggja að þegar ákvarðað er hvort skilyrði fyrir skilameðferð eða fyrir niðurfærslu eða umbreytingu fjármagnsgerninga séu uppfyllt, fari fram sanngjarnt og raunsætt mat á eignum og skuldbindingum einingarinnar. Að því er varðar síðara matið, sem leggur grunn að ákvörðuninni um skilaaðgerðir, er mikilvægt að tryggja að mat á eignum og skuldbindingum einingarinnar, sem liggur til grundvallar vali á skilaaðgerð og umfangi mögulegrar niðurfærslu eða umbreytingar fjármagnsgerninga á þeim tímapunkti þegar rekstrarhæfi er ekki lengur til staðar, byggist á sanngjörnum, varfærunum og raunhæfum forsendum.
- 2) Til að tryggja að slíkt mat sé sanngjarnt, varfærið og raunhæft, er mikilvægt að í því séu áætluð áhrif atburða sem urðu áður en nokkrar skilaaðgerðir voru framkvæmdar eða áður en nýttar voru heimildir til að færa niður eða umbreyta fjármagnsgerningum á þeim tímapunkti þegar rekstrarhæfi var ekki lengur til staðar, sem og áhrif ýmissa aðgerða sem skilastjórnvaldið gæti gripið til.
- 3) Matsaðilinn ætti að hafa aðgang að öllum upplýsingum sem við eiga og sérfræðipækkingu svo sem innri skýrslum, kerfum og líkönum stofnunarinnar. Sem hluta af mati á skilabærni, skv. 15. gr. tilskipunar 2014/59/ESB, ætti skilastjórnvaldið að meta hvort innri geta og kerfi geti stutt virðismatið. Matsaðilinn ætti einnig að geta gert samkomulag um að fá sérfræðiálit eða nýta sérfræðipækkingu. Aðgangur að sérfræðiáliti eða sérfræðipækkingu gæti t.d. komið sér vel þegar metinn er munur á meðhöndlun skv. 8. mgr. 36. gr. tilskipunar 2014/59/ESB. Skilastjórnvald ætti því að ganga úr skugga um að matsaðilinn hafi annaðhvort aðgang að skrá yfir allar kröfur, þ.m.t. skilyrtar kröfur á hendur einingunni sem flokkaðar eru í samræmi við réttindi og forgang samkvæmt hefðbundinni ógjaldfærnimeðferð, eða fullnægjandi lögfræðipækkingu til að útbúa slíka skrá.
- 4) Annaðhvort lögbært yfirvald eða skilastjórnvald getur ákvarðað hvort eining er á fallanda fæti [áður þýtt greiðsluþrota eða líkleg til að fara í greiðsluþrot] í samræmi við skilyrðin sem sett eru fram í a-lið 1. mgr. 32. gr. tilskipunar 2014/59/ESB. Í þeim tilgangi að ákvarða hvort stofnun er á fallanda fæti ætti lögbært yfirvald að skoða matið sem kveðið er á um í II. kafla þessarar reglugerðar, ef það er þá þegar til staðar, og taka tillit til viðmiðunarreglnanna sem Evrópska bankaeftirlitsstofnunin gaf út skv. 6. mgr. 32. gr. tilskipunar 2014/59/ESB en þær miða að því að auka samkvæmni starfvenja í tengslum við ákvörðun á slíkum skilyrðum fyrir skilameðferð.
- 5) Mat sem leggur grunn að ákvörðun lögbærs yfirvalds eða skilastjórnvalds á því hvort skilyrði fyrir skilameðferð eða niðurfærslu eða umbreytingu fjármagnsgerninga séu uppfyllt, ætti að vera í samræmi við viðeigandi reiknings-skilaumgjörð og varfærnisreglugerð. Matsaðilinn ætti þó að geta vikið frá forsendum stjórnar einingarinnar

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjóð. ESB L 67, 9.3.2018, bls. 8. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 187/2018 frá 10. júlí 2019 um breytingu á IX. viðauka (Fjármálaþjónusta) við EES-samninginn (bíður birtingar).

(1) Stjóð. ESB L 173, 12.6.2014, bls. 190.

sem reikningsskilin byggjast á, að því marki sem slíkt frávik er í samræmi við viðeigandi reikningsskilaumgjörð og varfærnisreglugerð. Þegar vikið er frá þessum forsendum ætti matið að vera stutt bestu fánlegu upplýsingum og vera í samræmi við gildandi eftirlitsleiðbeiningar eða aðra almennt viðurkennda túlkun á reikningsskilastöðlum, til að gefa sanngjarna og raunhæfa mynd af fjárhagsstöðu einingarinnar.

- 6) Rétt þykir að hafa reglur sem tryggja að matið, sem leggur grunn að vali og útfærslu skilaaðgerða eða umfangi niðurfærslu og umbreytingar fjármagnsgerninga á þeim tímapunkti þegar rekstrarhæfi er ekki lengur til staðar, sé sanngjarn, varfærið og raunhæft, til að tryggja að allt tap sé að fullu viðurkennt á þeirri stundu þegar skilaufræðum er beitt eða heimildir til að færa niður eða umbreyta viðkomandi fjármagnsgerningum eru nýttar. Velja ætti matsgrunninn sem best á við (virði við áframhaldandi eigu eða ráðstöfunarvirði) fyrir hinar tilteknu skilaaðgerðir sem skilastjórnvöld hafa til skoðunar.
- 7) Rétt þykir að við mat, sem leggur grunn að vali og útfærslu skilaaðgerða eða umfangi niðurfærslu og umbreytingar fjármagnsgerninga, á þeim tímapunkti þegar rekstrarhæfi er ekki lengur til staðar, miðist við fjárhagslegt virði en ekki bókfært virði. Við þetta mat ætti að skoða núvirði þess sjóðstreymi sem raunhæft er fyrir eininguna að búast við, jafnvel þó það krefjist þess að víkja þurfi frá reikningsskilaumgjörð eða varfærismatsramma.
- 8) Mat sem leggur grunn að vali og útfærslu skilaaðgerða ætti að endurspeglar það að sjóðstreymi getur orðið við að eiga eignirnar áfram en ætti þó að taka tillit til mögulegra áhrifa skilameðferðarinnar á framtíðarsjóðstreymi og sanngjarnar, varfærnar og raunhæfar forsendur að því er varðar hlutfall vanskila og umfang taps. Enn fremur, til að ákvarða eiginfjárvirði hlutabréfa eftir umbreytingu, ætti matsaðilinn að geta tekið tillit til eðlilegra væntinga um virði rekstrar.
- 9) Að öðrum kosti, ef einingin getur ekki átt eignirnar áfram eða sala þeirra telst nauðsynleg eða viðeigandi til að ná markmiðum skilameðferðarinnar, ætti matið að endurspeglar að slíkt sjóðstreymi geti myndast vegna ráðstöfunar eigna, skuldbindinga eða starfsemi, metið yfir skilgreint ráðstöfunartímabil.
- 10) Almennt ætti að líta á ráðstöfunarvirðið sem jafngilt því sannreynanlega markaðsverði sem hægt væri að fá á markaðnum fyrir tiltekna eign eða safn eigna og gæti endurspeglar lækkun sem er viðeigandi í ljósi magns eigna sem viðskipti eru með. Þegar matsaðilinn ákvarðar ráðstöfunarvirðið ætti hann samt sem áður, þar sem við á, og með hliðsjón af aðgerðunum sem gripið verður til samkvæmt skilafyrirkomulaginu, að lækka slíkt sannreynanlegt markaðsverð vegna mögulegs afsláttar vegna flýtsölu. Ef ekki er virkur markaður með eignirnar ætti ráðstöfunarvirðið að ákvarðast með vísun til sannreynanlegs verðs á mörkuðum þar sem viðskipti eru með svipaðar eignir eða til líkanreikninga með sannreynanlegum markaðsbreytum ásamt þeim afslætti vegna illseljanleika sem virðist hæfilegur. Ef rekstrarsala eða notkun brúarstofnunarúræðis er ígrunduð er hægt að taka tillit til raunhæfra væntinga um virði rekstrar við ákvörðun ráðstöfunarvirðis.
- 11) Til að tryggja samræmi milli útreikninganna sem krafist er í 8. mgr. 36. gr tilskipunar 2014/59/ESB í tengslum við mat á þeirri meðhöndlun sem hluthafar og hver flokkur lánardrottna hefði væntanlega fengið ef stofnuninni eða einingunni hefði verið slitið í samræmi við hefðbundna ógjaldfærnimeðferð, og matsins í kjölfar skilameðferðar, skv. 74. gr. þeirrar tilskipunar, er mikilvægt að matsaðilinn noti viðmiðanirnar sem settar eru fram vegna þess mats þegar við á.
- 12) Í bráðabirgðavirðismati, skv. 9. mgr. 36. gr. tilskipunar 2014/59/ESB, sem liggur til grundvallar ákvörðun á hvaða skilaaðgerðir séu viðeigandi, ætti að gera ráð fyrir varúðarfrádragi til að mæta viðbótartapi. Þetta varúðarfrádrag ætti að byggjast á sanngjörnu, varfærnu og raunhæfu mati á slíku viðbótartapi. Ákvarðanir og forsendur fyrir útreikningi á varúðarfrádraginu ættu að vera nægilega vel útskýrðar og rökstuddar í matskýrslunni.
- 13) Að því er varðar matið sem um getur í a- og c-lið 15. mgr. 36. gr. tilskipunar 2014/59/ESB ætti matsaðilinn að útskýra og rökstyðja lykilsforsendur, óvissuþætti og næmi slíkra lykilsfrenda og óvissuþátta. Ef umtalsverður munur er á forsendum sem notaðar eru í matinu og þeirra sem liggja að baki upplýsingum um reikningsskil eða lögbodnum upplýsingum, séu þær kunnar matsaðilanum, ætti það að koma fram í matskýrslunni. Í skýrslunni ætti matsaðilinn einnig að veita allar tengdar viðbótarupplýsingar sem að hans áliti væru hjálplegar skilastjórnvaldinu.

- 14) Viðmiðanirnar sem mælt er fyrir um í þessari reglugerð ættu einungis að vera notaðar til að framkvæma mat skv. 36. gr. tilskipunar 2014/59/ESB. Þær ættu hvorki að koma í stað né breyta reikningsskilareglum og -stöðlum eða varfærnisregluramma sem á við um einingar í öðru samhengi en við skilameðferð. Það ætti þó að vera hægt að nota upplýsingarnar sem matið leiðir í ljós til að greina mögulega ranga notkun einingarinnar á reikningsskilastöðlum eða varfærnisefirlitsramma, eða til að ákveða breytingar á reikningsskilaaðferð einingarinnar eða þeim forsendum eða álitum sem stjórnar mati á eignum og skuldbindingum. Sem dæmi ætti að taka tillit til þessara aðstæðna við gerð uppfærðs efnahagsreiknings skv. 6. mgr. 36. gr. tilskipunar 2014/59/ESB. Í þessu skyni ætti matsaðilinn að veita fullnægjandi skýringar á muninum milli núverandi og uppfærðs efnahagsreiknings.
- 15) Reglugerð þessi byggist á drögum að tæknilegum eftirlitsstöðlum sem Evrópska bankaeftirlitsstofnunin hefur lagt fyrir framkvæmdastjórnina.
- 16) Evrópska bankaeftirlitsstofnunin hefur haft opið samráð við almenning um drögin að tæknilegu eftirlitsstöðlunum sem þessi reglugerð byggist á, greint mögulegan tengdan kostnað og ávinning og óskað eftir álitum hagsmunahópsins um bankastarfsemi, sem komið var á fót í samræmi við 37. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1093/2010 ⁽¹⁾.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

I. KAFLI

ALMENN ÁKVÆÐI

1. gr.

Skilgreiningar

Í þessari reglugerð er merking eftirfarandi hugtaka sem hér segir:

- a) „mat“: annaðhvort mat á eignum og skuldbindingum einingar, sem matsaðili framkvæmir skv. 1. mgr. 36. gr. tilskipunar 2014/59/ESB, eða bráðabirgðavirðismat sem skilastjórnvald eða matsaðili framkvæmir, eftir atvikum, skv. 2. og 9. mgr. 36. gr. þeirrar tilskipunar, eftir því sem við á,
- b) „matsaðili“: annaðhvort óháður matsaðili í skilningi 38. gr. framseldrar reglugerðar framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2016/1075 ⁽²⁾ eða skilastjórnvald þegar það framkvæmir bráðabirgðavirðismat skv. 2. og 9. mgr. 36. gr. tilskipunar 2014/59/ESB,
- c) „eining“: stofnun eða eining sem um getur í b-, c- eða d-lið 1. mgr. 1. gr. tilskipunar 2014/59/ESB,
- d) „gangvirði“: verðið sem fengist með því að selja eign eða yrði greitt fyrir yfirfærslu á skuldbindingu í venjulegum viðskiptum á milli markaðsaðila á matsdegi eins og það er skilgreint í viðeigandi reikningsskilaumgjörð,
- e) „virði við áframhaldandi eigu“: núvirði sjóðstreymis, afvaxtað með viðeigandi stuðli, sem, samkvæmt sanngjörnum, varfænum og raunhæfum forsendum, er raunhæft fyrir eininguna að búast við að myndist við að eiga áfram tilteknar eignir og skuldbindingar, að teknu tilliti til þátta sem hafa áhrif á hegðun viðskiptavina eða mótaðila eða annarra matsstíka í tengslum við skilameðferð,
- f) „ráðstöfunarvirði“: matsgrunnurinn sem um getur í 5. mgr. 12. gr.,

⁽¹⁾ Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1093/2010 frá 24. nóvember 2010 um að koma á fót evrópskri eftirlitsstofnun (Evrópska bankaeftirlitsstofnunin), um breytingu á ákvörðun nr. 716/2009/EB og niðurfellingu ákvörðunar framkvæmdastjórnarinnar 2009/78/EB (Stjtíð. ESB L 331, 15.12.2010, bls. 12).

⁽²⁾ Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2016/1075 frá 23. mars 2016 um viðbætur við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2014/59/ESB að því er varðar tæknilega eftirlitsstaðla sem tilgreina inntak endurbótaáætlana, skilaáætlana og skilaáætlana samstæðu, lágmarksviðmið sem lögbært yfirvald á að meta að því er varðar endurbótaáætlanir og endurbótaáætlanir samstæðu, skilyrði fyrir fjárstuðningi innan samstæðu, kröfur til óháðra matsaðila, sammingsbundna viðurkenningu á niðurfærslu- og umbreytingarheimildum, verklag og inntak tilkynningarskyldu og tilkynningar um frestun og rekstrarlega starfsemi skilaráðanna (Stjtíð. ESB L 184, 8.7.2016, bls. 1).

- g) „virði rekstrar“: hreint núvirði sjóðstreymis sem raunhæft er að ætla að til komi af því að eiga áfram og endurnýja eignir og skuldbindingar eða starfsemi og inniheldur áhrif hvers konar viðskiptatækifæra, eins og við á, þ.m.t. þau sem orsakast af hinum ýmsu skilaaðgerðum sem metnar eru af matsaðilanum. Virði rekstrar getur verið hærra eða lægra en virðið sem leiðir af samningsskilmálum og -skilyrðum vegna eigna og skuldbindinga sem til staðar eru á matsdeginum,
- h) „eiginfjárvirði“: áætlað markaðsvirði fyrir yfirferð eða útgefin hlutabréf sem leiðir af beitingu almennt viðurkenndrar matsaðferðarfræði. Eiginfjárvirði getur náð yfir virði rekstrar allt eftir eðli eignanna eða starfseminnar,
- i) „matsgrunnur“: aðferð til að ákvarða fjárhæðirnar sem matsaðilinn leggur eignir og skuldbindingar fram í,
- j) „skilameðferðardagur“: dagurinn þegar ákvörðunin um að hefja skilameðferð einingar er samþykkt skv. 82. gr. tilskipunar 2014/59/ESB.

2. gr.

Almennar viðmiðanir

1. Við framkvæmd matsins skal matsaðilinn skoða þætti sem hafa áhrif á vænt sjóðstreymi af eignum og skuldbindingum einingarinnar og viðeigandi afvöxtunarstuðla og skal miða að því að gefa sanngjarna mynd af fjárhagsstöðu einingarinnar með skírskotun til tækifæranna og áhættunnar sem hún stendur frammi fyrir.
2. Matsaðilinn skal birta og rökstyðja lykilforsendurnar sem notaðar eru í matinu. Í hvert skipti sem í matinu er vikið umtalsvert frá forsendunum sem stjórn einingarinnar notar við gerð reikningsskila og útreikninga á lögbundnu eigin fé einingarinnar og eiginfjárkröfum skal það stutt bestu fánlegu upplýsingum.
3. Matsaðilinn skal veita besta punktmat á virði tiltekinnar eignar, skuldbindingar eða samsetningar af þeim. Þar sem við á skulu niðurstöður úr matinu einnig veittar í formi matsbila.
4. Viðmiðanir sem mælt er fyrir um í þessari reglugerð fyrir mat á einstökum eignum og skuldbindingum einingar skulu einnig gilda um mat á eignasafni eða eignaflokkum eða samsetningu eigna og skuldbindinga, starfsemi eða einingunni í heild, eins og aðstæður krefjast.
5. Í matinu skal lánardrottnum skipt niður í flokka eftir forgangs röðun samkvæmt viðeigandi lögum um ógjaldfærni og það skal innihalda mat á eftirfarandi atriðum:
 - a) virði krafna í hverjum flokki samkvæmt viðeigandi lögum um ógjaldfærni og, þar sem við á og ef þess er óskað, samkvæmt samningsbundnum rétti kröfuhafa,
 - b) greiðslum sem hver flokkur fengi ef einingunni yrði slitið með hefðbundinni ógjaldfærni meðferð.

Við útreikning á matinu skv. a- og b-lið fyrstu undirgreinar, getur matsaðilinn beitt viðmiðununum sem settar eru fram í 4. gr. framseldrar reglugerðar framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2018/344 frá 14. nóvember 2017 um viðbætur við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2014/59/ESB að því er varðar tæknilega eftirlitsstaðla þar sem tilgreindar eru viðmiðanir sem varða aðferðafræðina við að meta mismunandi meðhöndlun í skilameðferð eins og við á.

6. Þar sem við á og raunhæft getur talist, að teknu tilliti til tímasetningar og trúverðugleika matsins, getur skilastjórnvaldið farið fram á fleiri matsgerðir. Í því tilviki skal skilastjórnvaldið fastsetja viðmiðanirnar til að ákvarða hvernig þessar matsgerðir skuli notaðar í því skyni sem sett er fram í 36. gr. tilskipunar 2014/59/ESB.

3. gr.

Dagsetning mats

Dagsetning mats skal vera ein af eftirfarandi:

- a) viðmiðunardagsetningin sem matsaðilinn ákvarðar á grundvelli dags sem er sem næst á undan þeim degi þegar búist er við að skilastjórnvald taki ákvörðun um skilameðferð einingarinnar eða beita heimildum til að færa niður eða umbreyta fjármagnsgerningum,

- b) ef gert er endanlegt eftirávirðismat, eins og krafist er í 10. mgr. 36. gr. tilskipunar 2014/59/ESB, skilameðferðardagurinn,
- c) í tengslum við skuldbindingar vegna afleiðusamninga, sá tímunktur sem ákveðinn er skv. 8. gr. framseldrar reglugerðar framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2016/1401 ⁽¹⁾.

4. gr.

Heimildir

Matið skal byggjast á öllum upplýsingum sem eiga við á matsdegi og matsaðilinn telur skipta máli. Til viðbótar við reikningsskil einingarinnar, tengdar endurskoðunarskýrslur og skyldubundnar skýrslur um tímabil sem lýkur sem næst matsdeginum, geta þessar viðeigandi upplýsingar verið eftirfarandi:

- a) uppfærð reikningsskil og skyldubundnar skýrslur sem einingin gerir sem næst matsdeginum,
- b) útskýringar á lykilaðferðarfræði, -forsendum og -álitum sem einingin notar við gerð reikningsskila og skyldubundinna skýrslna,
- c) gögn sem felast í skráum einingarinnar,
- d) viðeigandi markaðsgögn,
- e) ályktanir sem matsaðilinn dregur af viðræðum við stjórnendur og endurskoðendur,
- f) mat eftirlitsyfirvalds á fjárhagsstöðu einingarinnar, þ.m.t. upplýsingar sem aflað er skv. h-lið 1. mgr. 27. gr. tilskipunar 2014/59/ESB,
- g) almennt mat á gæðum eigna í atvinnugrein, þar sem það skiptir máli fyrir eignir einingarinnar, sem og niðurstöður álagsprófana,
- h) verðmat sambærilegra fyrirtækja sem er nægilega vel aðlagð til að ná sérstökum aðstæðum einingarinnar,
- i) eldri upplýsingar, nægilega vel aðlagðar til að útiloka þætti sem eiga ekki lengur við og til að taka með aðra þætti sem höfðu ekki áhrif á eldri upplýsingarnar, eða
- j) leitnigreiningar, nægilega vel aðlagðar til að endurspegla sérstakar aðstæður einingarinnar.

5. gr.

Áhrif samstæðuráðstafana

1. Ef einingin er hluti af samstæðu skal matsaðilinn taka tillit til áhrifanna sem fyrirleggjandi, samningsbundnar stuðningsráðstafanir innan samstæðunnar geta haft á virði eigna og skuldbindinga ef, á grundvelli aðstæðna, líklegt er að gripíð verði til þessara ráðstafana.
2. Matsaðilinn skal aðeins taka tillit til áhrifanna af öðrum formlegum eða óformlegum ráðstöfunum innan samstæðunnar þar sem, á grundvelli aðstæðna, líklegt er að þær ráðstafanir verði áfram við lýði í tengslum við erfiðar fjárhagsaðstæður eða í skilameðferð.
3. Matsaðilinn skal ákvarða hvort nýta megi fjármuni einingar innan samstæðunnar til að mæta tapi annarra eininga í samstæðunni.

6. gr.

Matsskýrsla

Matsaðilinn skal útbúa matsskýrslu til skilastjórnvaldsins sem skal a.m.k. innihalda eftirfarandi þætti:

- a) upplýsingarnar sem um getur í a- til c-lið 6. mgr. 36. gr. tilskipunar 2014/59/ESB, að undanskildu því sem kveðið er á um í 9. mgr. 36. gr. þeirrar tilskipunar,
- b) upplýsingarnar sem um getur í 8. mgr. 36. gr. tilskipunar 2014/59/ESB, að undanskildu því sem kveðið er á um í 9. mgr. 36. gr. tilskipunar 2014/59/ESB,

⁽¹⁾ Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2016/1401 frá 23. maí 2016 um viðbætur við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2014/59/ESB sem kemur á ramma um endurreisn og skilameðferð lánastofnana og verðbréfafyrirtækja að því er varðar tæknilega eftirlitsstaðla fyrir aðferðarfræði og meginreglur um virðismat á skuldbindingum sem myndast vegna afleiðna (Stjtíð. ESB L 228, 23.8.2016, bls. 7).

- c) verðmátið á skuldbindingum sem myndast vegna afleiðna sem gert er í samræmi við framselda reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2016/1401,
- d) samantekt á matinu þar sem m.a. kemur fram útskýring á besta punktmati, matsbilum og helstu óvissuþáttum í mati,
- e) útskýring á lykilaðferðafræði og -forsendum sem matsaðili notar við framkvæmd matsins, hve viðkvæmt mátið er fyrir mismunandi aðferðafræði og forsendum og, eftir því sem við á, útskýring á hvernig þessi aðferðafræði og þessar forsendur eru frábrugðnar þeim sem notaðar eru fyrir annars konar mat sem við á, þ.m.t. hvers konar undirbúningsvirðismat,
- f) allar viðbótarupplýsingar sem að áliti matsaðila gætu gagnast skilastjórnvaldi eða lögbæru yfirvaldi að því er varðar 1.–11. mgr. 36. gr. tilskipunar 2014/59/ESB.

II. KAFLI

VIÐMIÐANIR FYRIR MATIÐ AÐ ÞVÍ ER VARÐAR A-LIÐ 4. MGR. 36. GR.

7. gr.

Almennar meginreglur

1. Mat, sem gert er í þeim tilgangi sem um getur í a-lið 4. mgr. 36. gr. tilskipunar 2014/59/ESB, skal byggjast á sanngjörnum og raunhæfum forsendum og skal leitast við að tryggja að tap samkvæmt viðeigandi sviðsmynd sé viðurkennt að fullu. Ef slíkt mat er til staðar skal það leggja grunn að þeirri ákvörðun lögbærs yfirvalds eða skilastjórnvalds, þar sem við á, að stofnun sé „á fallanda fæti“ eins og um getur í a-lið 1. mgr. 32. gr. tilskipunar 2014/59/ESB. Á grundvelli fyrirliggjandi leiðbeininga eftirlitsyfirvalda eða annarra almennt viðurkenndra aðila, þar sem settar eru fram viðmiðanir sem stuðla að sanngjörnu og raunhæfu mati á mismunandi tegundum eigna og skuldbindinga, getur matsaðilinn rengt forsendur, gögn, aðferðafræði og álit sem einingin lagði til grundvallar mati sínu vegna reikningsskilaskyldu eða til útreiknings á lögbundnu eigin fé og eiginfjárkröfum, og hunsað þau við mátið.
2. Matsaðilinn skal ákvarða hvaða matsaðferð á best við og getur hún byggst á innri líkönun einingarinnar, ef matsaðilinn telur það viðeigandi, með hliðsjón af umgjörð áhættustýringar einingarinnar og gæðum gagna og upplýsinga sem fyrir liggja.
3. Mátið skal vera í samræmi við viðeigandi reikningsskilaumgjörð og ramma um varfærnisreglur.

8. gr.

Svið sem sértaklega þarf að huga að í matinu

Matsaðilinn skal einkum einbeita sér að sviðum þar sem veruleg verðmatsóvissa er og sem kann að hafa umtalsverð áhrif á heildarmatið. Að því er varðar þessi svið skal matsaðilinn leggja niðurstöður matsins fram í formi besta punkt mats og, þar sem við á, matsbila, eins og mælt er fyrir um í 3. mgr. 2. gr. Þessi svið skulu ná yfir:

- a) lán eða lánasöfn, sem hafa vænt sjóðstreymi sem er háð getu, vilja eða hvata mótaðila til að uppfylla skyldu sína, ef þessar væntingar byggjast á forsendum er varða vanskilahlutföll, líkur á vanefndum, tap að gefnum vanefndum eða einkenni gernings, einkum ef tapsgögn fyrir lánasafn staðfesta slíkt,
- b) fullnustueignir, sem hafa sjóðstreymi sem bæði verður fyrir áhrifum af gangvirði eignarinnar á þeim tíma þegar einingin tók yfir trygginguna eða nýtti veðréttinn, og væntanlegri þróun slíks virðis eftir yfirtökuna,
- c) gerninga sem metnir eru á gangvirði ef ákvörðun þess gangvirðis í samræmi við reikningsskilakröfur eða varfærniskröfur um færslu á markaðsvirði eða færslu á líkansvirði, á ekki við lengur eða er ekki í gildi lengur, miðað við aðstæður,
- d) viðskiptavild og ófnislegar eignir, ef virðisrýmunarprófið getur verið háð huglægum matsþáttum, þ.m.t. varðandi það sjóðstreymi sem raunhæft er að náist, viðeigandi afvöxtunarstuðla og afmörkun eininga sem skapa sjóðstreymi.
- e) lagalegan ágreining og aðgerðir eftirlitsaðila, sem hafa vænt sjóðstreymi sem getur verið háð mismikilli óvissu hvað varðar fjárhæð þeirra og/eða tímasetningu,
- f) liði svo sem lífeyriseignir og -skuldbindingar og frestaða skattliði.

9. gr.

Þættir sem hafa áhrif á matið

1. Matsaðilinn skal taka tillit til almennra þátta sem geta haft áhrif á lykilsforsendur sem virði eigna og skuldbindinga, á þeim sviðum sem um getur í 8. gr., byggist á, þ.m.t. eftirfarandi þátta:
 - a) aðstæðna í efnahagslífinu og innan atvinnugreinar sem hafa áhrif á eininguna, þ.m.t. viðeigandi markaðsþróunar,
 - b) viðskiptalíkans einingarinnar og breytinga á stefnuáætlun hennar,
 - c) viðmið varðandi uppbyggingu eignahliðar einingar, þ.m.t. lánareglur,
 - d) aðstæðna og venja sem líklegar eru til að leiða til greiðsluáfalls,
 - e) aðstæðna sem hafa áhrif á stika sem notaðir eru til að ákvarða áhættuvegnar eignir til útreiknings á kröfu um lágmarksfjármagn,
 - f) áhrifa fjármagnsskipunar einingarinnar á getu einingarinnar til að eiga eignir yfir áætlað eignartímabil og getu einingarinnar til að skapa fyrirsjáanlegt sjóðstreymi,
 - g) lausafjár- eða fjármögnunarvanda sem eru almenns eðlis eða sérstakir fyrir eininguna.
2. Matsaðilinn skal aðgreina með skýrum hætti allan verulegan, óinnleystan hagnað sem greinst hefur í matsferlinu, að því marki sem þessi hagnaður hefur ekki verið viðurkenndur í matinu og skal veita fullnægjandi upplýsingar í matsskýrslunni um þær sérstöku aðstæður sem leiddu til þessa hagnaðar.

III. KAFLI

VIÐMIÐANIR FYRIR MAT AÐ ÞVÍ ER VARÐAR B-, C-, D-, E-, F- OG G-LIÐ 4. MGR. 36. GR. OG AÐRA UNDIRGREIN 9. MGR. 36. GR.

10. gr.

Almennar meginreglur

1. Matsaðilinn skal meta hvaða áhrif hver skilaaðgerð, sem skilastjórnvaldið gæti samþykkt til að leggja grunn að ákvörðuninum sem um getur í b- til g-lið 4. mgr. 36. gr. tilskipunar 2014/59/ESB, hefur á matið. Með fyrirvara um óhæði matsaðilans getur skilastjórnvaldið haft samráð við matsaðilann til að greina þær skilaaðgerðir sem eru til skoðunar hjá því stjórnvaldi, þ.m.t. aðgerðir sem felast í skilaaætluninni eða því skilafyrirkomulagi sem lagt hefur verið til, ef það er frábrugðið henni.
2. Til að tryggja sanngjarnt, varfærið og raunhæft mat skal matsaðilinn, þar sem við á og í samráði við skilastjórnvaldið, leggja fram aðgreindar matsgerðir sem endurspeglar áhrif nægilega fjölbreyttra skilaaðgerða.
3. Matsaðilinn skal tryggja að þegar skilaaúrræðum er beitt eða þegar heimild til að færa niður eða umbreyta viðeigandi fjármagnsgerningum er nýtt, sé allt tap á eignum einingarinnar viðurkennt að fullu í þeim sviðsmyndum sem eiga við þær skilaaðgerðir sem eru til skoðunar.
4. Ef stór munur er á virðinu sem fram kemur í matinu og virðinu sem einingin lagði fram í reikningsskilunum skal matsaðilinn nota forsendur matsins sem grunn að breytingum á forsendum og reikningsskilastefnum sem nauðsynlegar eru til að útbúa uppfærðan efnahagsreikning, eins og krafist er skv. 6. mgr. 36. gr. tilskipunar 2014/59/ESB, á þann hátt sem er í samræmi við viðeigandi reikningsskilaumgjörð. Að því er varðar tap sem matsaðilinn greinir og ekki er hægt að viðurkenna í uppfærðum efnahagsreikningi, skal matsaðilinn tilgreina fjárhæðina, lýsa ástæðunum sem liggja að baki ákvörðun tapsins og líkurnar á þeim og tímabilið þegar munu raungerast.
5. Ef fjármagnsgerningum eða öðrum skuldbindingum er umbreytt í eigið fé, skal í matinu felast mat á eiginfjárvirði nýrra hlutabréfa, eftir umbreytingu. sem yfirfærð eru eða gefin eru út sem endurgjald til eigenda umbreyttra fjármagnsgerninga eða annarra lánardrottna. Það mat skal mynda grunn að ákvörðun á umreikningsgengi skv. 50. gr. tilskipunar 2014/59/ESB.

*11. gr.***Val á matsgrunni**

1. Þegar matsaðilinn velur þann eða þá matsgrunna sem best eiga við, skal hann taka tillit til þess hvaða skilaaðgerðir eru til skoðunar skv. 1. mgr. 10. gr.
2. Matsaðilinn skal ákvarða hve mikið sjóðstreymi einingin getur búist við að myndist af fyrirliggjandi eignum og skuldbindingum, á grundvelli sanngjarnra, varfærinna og raunhæfra forsenda, í kjölfar samþykktar á þeirri eða þeim skilaaðgerðum sem voru til skoðunar, afvaxtað með viðeigandi stuðli eins og ákvarðað er í samræmi við 6. gr.
3. Sjóðstreymi skal ákvarðað í viðeigandi stærðareiningum sem ná allt frá einstökum eignum og skuldbindingum til safna eða starfsemi, að teknu tilhlýðilegu tilliti til mismunandi áhættusniðs.
4. Ef skilaaðgerðirnar sem um getur í 1. mgr. 10. gr. krefjast þess að eignum og skuldbindingum sé haldið eftir hjá einingu sem er stofnun með áframhaldandi rekstrarhæfi skal matsaðilinn nota virðið við áframhaldandi eigu sem viðeigandi matsgrunn. Ef virði við áframhaldandi eigu telst sanngjarnt, varfærið og raunhæft getur það gefið til kynna að markaðsaðstæður séu aftur eðlilegar.

Virði við áframhaldandi eigu skal ekki notað sem matsgrunnur ef eignir eru færðar yfir í eignaumsýslufélag, skv. 42. gr. tilskipunar 2014/59/ESB, eða í brúarstofnun, skv. 40. gr. þeirrar tilskipunar, eða ef notað er rekstrarsöluúrræði skv. 38. gr. tilskipunar 2014/59/ESB.

5. Ef skilaaðgerðirnar sem um getur í 1. mgr. 10. gr. gera ráð fyrir sölu eigna skal vænt sjóðstreymi samsvara ráðstöfunarvirðinu sem gert er ráð fyrir yfir fyrirhugað ráðstöfunartímabil.
6. Afvöxtunarstuðlar skulu ákvarðaðir með hliðsjón af tímasetningu sjóðstreymis, áhættusniði, fjármögnunarkostnaði og markaðsaðstæðum sem eiga við eignirnar og skuldbindingarnar sem metnar eru, fyrirliggjandi stefnu um ráðstöfun eigna og skulda og fjárhagsstöðu einingarinnar eftir skilameðferð.

*12. gr.***Sérstakir þættir í tengslum við mat og afvöxtun vænts sjóðstreymis**

1. Í þeim tilgangi að áætla sjóðstreymi skal matsaðilinn beita sérfræðikunnáttu sinni til að ákvarða lykileinkenni eignanna eða skuldbindinganna sem metnar eru. Matsaðilinn skal einnig nýta sérfræðikunnáttu til að ákvarða hvaða áhrif áframhaldandi eiga, möguleg endurnýjun eða endurfjármögnun, starfsemi út líftíma eigna og skuldbindinga eða ráðstöfun þeirra, eins og gert er ráð fyrir í þeim skilaaðgerðum sem eru til skoðunar, hafi á sjóðstreymi.
2. Ef í skilaaðgerðinni er gert ráð fyrir því að einingin eigi eignina áfram, viðhaldi skuldbindingu eða haldi starfsemi áfram, getur matsaðilinn tekið tillit til þátta sem mögulega gætu haft áhrif á framtíðarsjóðstreymi, þ.m.t. eftirfarandi:
 - a) breytinga á forsendum eða væntingum miðað við þær sem ríkjandi eru á matsdegi, í samræmi við fyrri langtímaþróun og raunhæft tímabil sem er í samræmi við áformað eignartímabil eigna eða til endurreisnar einingarinnar, eða
 - b) viðbótarmatsgrunna og -aðferðafræði eða annarra matsgrunna og aðferðafræði sem matsaðilinn telur viðeigandi og eru í samræmi við þessa reglugerð, þ.m.t. með skírskotun til mats á eiginfjárvirði hlutabréfa eftir umbreytingu.
3. Að því er varðar safn eigna og skuldbindinga eða starfsemi sem gert er ráð fyrir að halda út líftíma skal matsaðilinn taka tillit til kostnaðar og ábata við þá lausn.
4. Ef staða einingarinnar kemur í veg fyrir að hún geti átt eign eða haldið áfram með starfsemi, eða ef skilastjórnvaldið telur sölu af öðrum ástæðum nauðsynlega til að ná markmiðum skilameðferðarinnar, skal vænt sjóðstreymi vísa til þess ráðstöfunarvirðis sem áætlað er að fáist innan tiltekins ráðstöfunartíma.

5. Ráðstöfunarvirði skal ákvarðað af matsaðilanum á grundvelli sjóðstreymis sem raunhæft er fyrir eininguna að búast við við ríkjandi markaðsaðstæður með eðlilegri sölu eða yfirfærslu eigna eða skuldbindinga, að frádregnum ráðstöfunarkostnaði og að frádregnu væntu virði allra veittra trygginga. Eftir því sem við á, með hliðsjón af aðgerðum sem gripið verður til í skilafyrirkomulaginu, getur matsaðilinn ákvarðað ráðstöfunarvirði með því að lækka sannreynanlegt markaðsverð sölunnar eða yfirfærslunnar vegna mögulegs flýtisöluafsláttar. Til að ákvarða ráðstöfunarvirði eigna sem hafa ekki virkan markað, skal matsaðilinn skoða sannreynanlegt verð á mörkuðum þar sem viðskipti eru með svipaðar eignir eða líkansreikninga þar sem notaðir eru sannreynanlegir markaðsstikar með þeim afsláttum vegna illseljanleika sem teljast viðeigandi.
6. Matsaðilinn skal taka tillit til þátta sem gætu haft áhrif á ráðstöfunarvirðið og ráðstöfunartímabilin, þ.m.t. eftirfarandi:
- a) ráðstöfunarvirðis og ráðstöfunartímabila sem fram koma í svipuðum viðskiptum og eru nægilega vel aðlöguð til að taka tillit til mismunandi viðskiptalíkana og fjármagnsskipunar aðila að þessum viðskiptum,
 - b) kosta eða galla við tiltekin viðskipti sem eru sérstakir fyrir þá aðila sem í hlut eiga eða fyrir ákveðinn hóp markaðsaðila,
 - c) sérstakra eiginleika eigna eða starfsemi sem gætu aðeins skipt máli fyrir mögulegan kaupanda eða fyrir ákveðinn hóp markaðsaðila,
 - d) líklegra áhrifa væntanlegrar sölu á virði rekstrar einingarinnar.
7. Við mat á virði fyrirtækja í þeim tilgangi að nota rekstrarsölu- eða brúarstofnunarúrræði, getur matsaðilinn tekið tillit til raunhæfra væntinga um virði rekstrar. Slíkar væntingar um virði rekstrar skulu fela í sér væntingar sem leiða af endurnýjun eigna, endurfjármögnun eignasafns eða af því að reka starfsemi áfram eða taka hana upp að nýju með tilliti til skilaaðgerðanna.
8. Ef matsaðili álitur að ekki sé raunhæft að búast við að geta ráðstafað eign eða starfsemi þarf hann ekki að ákvarða ráðstöfunarvirði en skal áætla tengt sjóðstreymi á grundvelli þess hvaða líkur eru á að starfsemin haldi áfram eða verði haldið út líftíma eigna og skuldbindinga. Þetta ákvæði skal ekki gilda um eignauppskiptingarúrræðið eða rekstrarsöluúrræðið.
9. Að því er varðar hluta eignasafna eða starfsemi, sem líklegt er að verði slitið samkvæmt hefðbundinni ógjaldfærimeðferð, getur matsaðilinn skoðað ráðstöfunarvirði og ráðstöfunartímabil á uppboðum sem varða eignir af svipuðu eðli og með svipuð skilyrði. Við ákvörðun á væntu sjóðstreymi skal taka tillit til illseljanleika, vöntunar á áreiðanlegum gögnum til að ákvarða ráðstöfunarvirði og, þar af leiðandi, þeirri nauðsyn að treysta á matsaðferðir sem byggjast á ósannreynanlegum gögnum.

13. gr.

Aðferðafræði til að reikna varúðarfrádrag til að mæta tapi

1. Til að koma til móts við óvissu í bráðabirgðavirðismati, sem gert er í samræmi við b- til g-lið 4. mgr. 36. gr. tilskipunar 2014/59/ESB, skal matsaðilinn gera ráð fyrir varúðarfrádragi í matinu til að endurspegla staðreyndir og aðstæður sem benda til viðbótartaps af óvissri fjárhæð eða á óvissum tíma. Til að forðast tvítalningu á óvissuþáttum skal matsaðilinn útskýra á fullnægjandi hátt og rökstyðja forsendur fyrir útreikningnum á varúðarfrádraginu.
2. Til að ákvarða stærð varúðarfrádragsins skal matsaðilinn tilgreina þá þætti sem geta haft áhrif á vænt sjóðstreymi af völdum þeirra skilaaðgerða sem líklegt er að verði samþykktar.
3. Að því er varðar 2. mgr. getur matsaðilinn yfirfært áætlað tap á hluta af eignum einingarinnar til annarra hluta efnahagsreiknings einingarinnar. Þar sem við á, er einnig hægt að yfirfæra áætlað meðaltap á eignum sambærilegra samkeppnisaðila, með fyrirvara um nauðsynlega aðlögun vegna mismunandi viðskiptalíkana og fjármagnsskipunar.

14. gr.

Gildistaka

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 14. nóvember 2017.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Jean-Claude JUNCKER

forseti.
